
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



1. Árg. 8 tbl. október 2021



Fuglahópurinn svokallaði veltir hér fyrir sér réttarstörfum og fönðra réttir eftir eigin höfði

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Félag eldri borgara, samvera – sundleikfimi

Vetrarstarf eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahrepp hófst í lok september.

Samvera er í bókasafninu á Brautarholti annan hvern fimmtudag og er næsta samvera 21. október. Á samverustundum koma gestir sem fræða eldri borgara um mál sem tengjast þeim, einnig koma félagsmenn með efni t.d. upplestur, myndasýningu, ferðasögur og stundum er spilað á harmonikku.

Félagið stendur fyrir sundleikfimi þetta haustið í Skeiðalaug á fimmtudögum kl. 16:30 - 17:10 (húsið opnar kl. 16:00) síðasti tíminn verður 11. nóvember.

Rosemarie stjórnar jóga á mánudögum, annars vegar stólajóga í Bókasafninu í Brautarholti kl. 14.30 og hins vegar í Félagsheimilinu Árnesi kl. 17.00 og hefst mánudaginn 18. október n.k.

Sundleikfimi og jóga er í boði Skeiða -og Gnúpverjahrepps og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Fólk í sveitarfélaginu sem er 60+ er hvatt til að ganga í félagið og mæta á þessa viðburði sem og aðra sem félagið stendur fyrir; svo sem haustferð um Bláskógabyggð, leikhúsferðir og hótelferðir á sumrin.

Stjórn Félags Eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Í tilefni þess að nú mun verkefnið
Heilsueflandi samfélag í



Skeiða- og Gnúpverjahrepp vinna með
þemað: Geðrækt, andleg líðan og félagsleg virkni, viljum við vekja
athygli á Alþjóðlega Geðheilbrigðisdeginum sem er haldinn 10.
október ár hvert. Kórónaveiran hefur haft mikil áhrif á líf fólks og við
höfum lært margt nýtt, sumt gott en annað ekki eins jákvætt.
Spurningin er hvernig við vinnum úr þeim áhrifum sem Covid 19
hefur haft á okkar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilsu. Í vetur
munum við vera með ýmislegt tengt þessu, bæði í formi viðburða og
fræðsluefnis á upplýsingamiðlum sveitarfélagsins.

Kannast þú við Geðorðin 10?

GEÐORÐIN 10

1. Hugsðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lifinu er langhlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

LÝDHEILSUSTOÐ
• 2010-2012

Geðrækt

GEÐORÐIN 10

Það helsta af fundi sveitarstjórnar 6. október 2021

Beiðni um leyfi til að endurofna vikurnámu við Reykholt í Þjórsárdal var hafnað, byggt á mati helstu hagsmunaaðila.

Selásbyggingar óskaði eftir að skila lóð sem þeim hafði verið úthlutað 2019 við Heiðarbraut í Árnosi og Murneyri ehf. óskaði eftir að skila lóð sem þeim hafði verið úthlutað við Vallarbraut í Brautarholti. Sveitarstjórn samþykkti skil beggja lóðanna.

Sorþþjónusta- lífrænn úrgangur

Á 57. fundi sveitarstjórnar þann 3. mars sl. var eftirfarandi bókað um svokallaða hörputurna:

"Svokallaðir Hörputurnar hafa verið notaðir um nokkurra ára skeið til að afsetja lífrænt sorp við heimili í dreifbýli. Hörputurnar eru plaströr 45 cm í þvermál, sveitarfélagið hefur lagt turnana til ásamt vinnu við það. Nú liggur fyrir að sú aðferð er ekki lengur viðurkennd sem jarðgerð á lífrænum úrgangi. Sveitarstjórn samþykkir að leggja af umrædda aðferð við afsetningu á lífrænu sorpi. Unnið er að öðrum útfærslum í þessum efnum."

Hægt og illa hefur gengið að vinna að öðrum lausnum. Lausn sem átti að vinna með Skaftholti við jarðgerð á lífrænu sorpi gekk ekki eftir. Verið er að skoða aðra möguleika en hægt gengur að finna varanlega lausn. Ein lausn er þó bokahsi jarðgerð þar sem íbúar sjá sjálfir um að afsetja lífrænt sorp. Oddviti segir nánar frá þessu verkefni. Ljóst er að um tilrauna verkefni væri að ræða og því ekki hægt að setja alla íbúana undir þetta verkefni í einu heldur færa þetta smátt og smátt til íbúanna. Spurning um heimild til að taka aftur upp eina borun til viðbótar á hörputurnum hjá þeim sem það kjósa eða þar til reglugerð tekur gildi. Margir íbúar eru nú þegar komnir með fulla turna svo það þarf að leita lausna fyrir þá aðila hratt og vel.

Sveitarstjórn samþykkir að heimila eina borun fyrir hörputurn í viðbót meðan viðunandi lausn er skoðuð og þróuð áfram.

Stafrænt sveitarfélag – Verkefnið er samstarf nær allra sveitarfélaga landsins og hefur þegar verið stofnaður starfshópur innan Sambands íslenskra Sveitarfélaga til að halda utan um verkefnið. Byggir verkefnið á greiningu á stafrænni stöðu sveitarfélaganna sem þegar hefur verið unnin. Fjárveiting fékkst af Covid peningum ríkisstjórnarinnar til að fara af stað í brautryðjendastarf um stafræna umsóknarferla fyrir t.d. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Sveitarstjórn ákvað að taka þátt í verkefninu.

Fundargerð skipulagsnefndar. Eitt mál frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp var tekið fyrir á fundi Skipulagsnefndar en það var umsókn Steinsholtsbúsins um byggingarleyfi til að byggja fjárhús/geymslu á landi Steinholts 1 C. Sveitarstjórn samþykkti að veita leyfið með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Húsnæðissjálfsagnarstofnun er hugmynd Húsnæðis -og Mannvirkjastofnunnar að verkefni sem snýr að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni í samvinnu við Samband íslenskra Sveitarfélaga. Sambandið óskaði eftir afstöðu sveitarstjórna á landsbyggðinni til hugmyndarinnar. Frekari upplýsingar um verkefnið/hugmyndina má finna í fylgigögnum með fundargerð á heimasíðunni www.skeidgnup.is

Umsókn um breytingu á aðalskipulagi við Miðhús. Óskað er eftir því að fá að taka land úr landbúnaðarnotkun og skipuleggja frístundabyggð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að sú breyting verði gerð í samræmi við viðkomandi fylgigögn.

Sveitarstjórn bókaði að lokum áskorun til Vegagerðarinnar:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á Vegagerðina að bæta slæmt ástand malarvega í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir gerist afskaplega lítið. Margir vegakaflar eru nánast ókeyrandi. Sumir þurfa ofaníbúð en í einhverjum tilfellum dygði að hefла vegina.

Borun fyrir hörputurnum

Vegna tafa við að finna nýja lausn við söfnun og afsetningu lífræns úrgangs, ákvað sveitarstjórn á síðast fundi sínum því að leyfa eina borun á hörputurnum til viðbótar hjá þeim sem það kjósa. Íbúar sem vilja fá nýjan turn til sín núna fyrir veturinn eru því hvattir til að hafa samband við skrifstofu og óska eftir því, annaðhvort í síma 4866100 eða í netfangið hronn@skeidgnup.is

Söngsveitin Tvennir tímar, er blandaður kór eldra fólks í uppsveitum Árnessýslu. Söngstjóri er Stefán Þorleifsson. Stefán er listamaður og gleðigjafi og yngir okkur upp sem tókum þátt. Æfingar eru einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 13.00-14.30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Við í Tvennum tímum viljum hvetja alla sem hafa yndi af söng að koma með og taka þátt í góðum félagsskap.

Frekari upplýsingar hjá Magnúsi Sig. sími 8623674 eða öðrum kórfélögum.

Stjórnin.

Hvað er Bokashi?

Bokashi að aðferð til að jarðgera lífrænt hráefni sem felst í gerjun í loftfirrtum aðstæðum. Það sem til þarf er bokashi-sett sem samanstendur af tveimur tunnnum og örverum og svo að sjálfsögðu lífræna hráefnið sem á að jarðgera. Allt í allt getur það tekið svo lítið sem 5-6 vikur að fá næringarríka moltu sem er tilbúin til nýtingar.

Skipta má ferlinu í þrjú skref: Söfnun, gerjun og niðurbrot. Söfnunin er skrefið þegar þú ert að fylla á tunnuna þína. Gerjunin er sá tími sem örverurnar gerja hráefnið. Niðurbrotið á sér stað eftir að gerjuðu hráefninu er blandað í jarðveg. Fyrstu tvö skrefin eiga sér stað innandyra þar sem örverurnar vinna best við 15-25° C. Ferlið er svo gott sem lyktarlaust enda á gerjunin sér stað í loftþéttum tunnnum. Að því sögðu kemur vissulega lykt úr henni þegar hún er opnuð og lífrænu hráefni er bætt í hana, en sú lykt er væg og minnir einna helst á edik. Þriðja skrefið er að blanda gerjuðu hráefninu í mold, en þar á áframhaldandi niðurbrot sér stað.

Við gerjunina í tunnunum myndast vökvi sem sigtast niður í botninn og hægt er að tappa af með reglulegu millibili. Mismikill vökvi myndast eftir því hvaða hráefni ratar í tunnurnar og hann myndast mishratt. Vökvinn er stútfullur af næringarefnum og örverum og má nýta sem næringu bæði fyrir inni-og útiplöntur. Að gerjun lokinni er gerjuðu hráefninu blandað við mold, en það er þar sem sjálft niðurbrotið á sér stað og jarðgerðin verður að næringarríkri moltu. Þetta má gera með því að grafa holu úti í garði eða blanda hráefninu 50/50 við mold í kassa.

Upplýsingarnar eru teknar af heimasíðu Umhverfisstofnunar en þar er að finna nákvæmari upplýsingar um bokashi sem og aðrar aðferðir við heimajarðgerð: www.ust.is

Myndir úr leik og starfi í Leikholti

Í Leikholti er alltaf gaman og mikið að gera. Á myndunum má sjá börn í gönguferð með Lubba. Lubbi er hundur sem kennir okkur málhljóðin (hljóð stafanna) með málbeinum. Hér er líka mynd af starfsfólkinu á Lubbanámskeiði þann 8. október.

Einnig má sjá börn að byggja byggingar, skoða haustlitina í náttúrunni og skoða steina.

